

20. Fundur Umhverfis- og Náttúruverndarnefndar Skaftárhrepps haldinn á Kirkjubæjarstofu 21.04.2016 kl 14:00

Mætt eru Jóna Björk Jónsdóttir formaður, Jóhannes Gissurarson og Sveinn Hreiðar Jensson.

Dagskrá fundarins er svohljóðandi.

1. Reglur sveitarfélagsins um tjöld og gistingu utan merktra gististaða
2. Álag ferðamannastaða
3. Tæmingu rotþróa - frh
4. Tiltekt í sumar (gámar í sveitarfélaginu)
5. Moltugerð
6. Jökulleirinn í Eldhrauninu - viðbrögð

Önnur mál

Jóna Björk formaður setur fundinn.

1. Reglur sveitarfélagsins um tjöld og gistingu utan merktra gististaða  
Umhverfis- og náttúrnefnd vekur athygli á því að samkvæmt 3. málsgrein 22. Greinar laga um náttúruvernd frá og með 14. Nóvember 2015 þá skal „utan þéttbýlis leita leyfis landeiganda eða annars rétthafa ef nota á tjaldvagna, fellihýsi, hjólhýsi, húsbíla og annan sambærilegan búnað utan skipulagðra tjaldstæða.“  
Nefndin telur æskilegt að landeigendur í Skaftárhreppi séu upplýstir um þessi lög á heimasíðu Skaftárhrepps.  
Jafnframt mælist umhverfis- og náttúrunefnd til þess að sveitarstjórn ræði þessi mál við Vegagerð Ríkisins sem rétthafa veghelgunarsvæðis.
2. Álag ferðamannastaða  
Formaður kynnir stöðu mála við Fjaðrárgljúfur, vegurinn hefur verið opnaður að nýju og ákveðið hefur verið að auglýsa ekki opnun þar sem göngustígur og nærumhverfi er ekki tilbúið vegna vorbleytu. En opnað verður strax og aðstæður leyfa. Formaður umhverfisnefndar mun funda með sveitarstjóra og landeigendum um málefni Fjaðrárgljúfurs, verður markmið þessa fundar að vinna að málefnum Fjaðrárgljúfurs í sátt við landeigendur og hagsmunaaðila.  
Unnið verður að því að klára vinnu við áningastað í Eldhrauni við Dyngjur en ljóst er að hreinlætisaðstaða mun ekki rísa á þessu sumri en lögð áhersla á að klára vinnu við útsýnispall og göngustíg.
3. Tæmingu rotþróa – frh  
Umhverfis- og náttúrunefndar nefnd telur að sveitarfélagið geti ekki sinnt þessum málum að svo komu máli. Hins vegur stingur nefndin upp á að þeir aðilar sem telja sig þurfa á þjónustu hreinsibíls að halda geti skráð sig hjá sveitarfélaginu. Væri þessi listi hugsaður fyrir þá sem hyggjast nýta sér þjónustu hreinsibíls og tekið þátt í sameiginlegum kostnaði þegar hreinsibíllinn er hér á ferð. Þó ber þess að geta að sveitarfélagið er með þessu ekki að greiða undir ferð bílsins, nema að það þurfi sjálft á þjónusta hans á að halda.
4. Tiltekt í sumar (gámar í sveitarfélaginu)

Umhverfis- og náttúrunefnd leggur til að í sumar verði ruslagámar staðsettir á tilteknum tímum og stöðum í sveitarfélaginu.

Tillaga að tíma og staðsetningum, 9 - 16. júní í Álftaveri, 16 – 23. júní í Skaftártungu, 23 – 30. júní í Meðallandi, 30 – 7. júlí í Fljótshverfi. 7 – 14. júlí á Austur-Síðu og 14 – 21. júlí í Landbroti. Jafnframt mælist nefndin til þess að þeir sem telja sig hafa umtalsvert magn af úrgangi setji sig sérstaklega í samband við Íslenska Gámafélagið.

#### 5. Moltugerð

Umhverfis- og náttúrunefnd óskar eftir því að formaður umhverfis- og náttúrunefndar og sveitarstjóri ræði málefni moltuframléiðslu í sveitarfélaginu við forsvarsmenn Íslenska Gámafélagsins. Ljóst er að hnökrar virðast vera á úrvinnslu brúnu tunnurnar hjá Íslenska Gámafélaginu og moltað eins og samningur geri ráð fyrir.

#### 6. Jökulleirinn í Eldhrauninu – viðbrögð

Umhverfis- og náttúrunefnd lýsir yfir áhyggjum sínum á leirburði / sandfoki í Eldhrauni. Ljóst er að þetta er gríðarlega stórt og flókið vandamál. Mikilvægt er að sveitarfélagið vinni að því að takmarka tjón / óþægindi af völdum leirfoks með landeigendum og hagsmunaaðilum í samstarfi við viðeigandi ríkisstofnanir. Þessum málaflokki verður að bregðast fljótt við.

#### 7. Önnur mál

Það voru enginn önnur mál.

Fundargerð upplesin og samþykkt.

Fundargerð ritaði Sveinn Jensson.